

BORGARRÁÐ 20. janúar 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um bættar samgöngur í Gufunesi MSS22010221

Lagt er til að unnið verði með íbúum í vistvæna þorpinu Gufunesi að betri samgöngum sem henta þeirra þörfum. Samgöngum í og úr hverfinu er mjög ábótavant en eina gönguleiðin þaðan í strætó er kílómetra langur grýttur og óupplýstur vegslóði. Reykjavíkurborg hefur boðið upp á pöntunarþjónustu sem er aðeins í boði á ákveðnum tíma og þarf að panta með löngum fyrirvara.